

Afkoma Icelandair Group á fyrsta ársfjórðungi 2009

- Niðurstaðan betri en áætlanir gerðu ráð fyrir, þrátt fyrir mjög krefjandi rekstrarumhverfi
- Besta rekstrarafkoma íslenska flugfélagsins Icelandair ehf. á fyrsta ársfjórðungi frá því að félagið var stofnað í núverandi mynd
- Travel Service var ekki hluti af Icelandair Group á fyrsta ársfjórðungi 2008
- Heildarvelta félagsins var 20,7 milljarðar króna og jókst um 48% frá sama tíma í fyrra
- EBITDA var neikvæð um 2,3 milljarða króna en var neikvæð um 0,9 milljarða króna á sama tíma í fyrra. Áætlun fjórðungsins gerði ráð fyrir neikvæðri EBITDA að fjárhæð 4,1 milljarðar króna
- EBIT var neikvæð um 3,5 milljarða króna en var neikvæð um 1,7 milljarða króna á sama tíma í fyrra
- Tap eftir skatta var 3,6 milljarðar króna en var 1,7 milljarðar króna á sama tíma í fyrra
- Handbært fé í lok ársfjórðungsins var 2,8 milljarðar króna, en var 3,3 milljarðar á sama tíma í fyrra
- Eignir voru 98,1 milljarður króna í lok mars 2009 samanborið við 98,8 milljarða króna í árslok 2008
- Eiginfjárhlutfall var 17,2 % í lok mars 2009, en var 20,3% í lok ársins 2008
- EBITDA ársins 2009 er áætluð um 6 milljarðar króna

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group:

"Vegna árstíðasveiflu er jafnan tap á rekstrinum á fyrsta fjórðungi en rekstur Icelandair Group gekk í heild betur en áætlanir félagsins gerðu ráð fyrir í afar erfiðu árferði. Munar þar mestu um að afkoma stærstu félaganna í samstæðunni, íslenska flugfélagsins Icelandair og Travel Service í Tékklandi, var talsvert umfram áætlanir og hefur Icelandair ekki skilað jafn góðri rekstrarniðurstöðu fyrir skatta, fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) á fyrsta ársfjórðungi frá stofnun félagsins í núverandi mynd eða frá árinu 2002. Rekstur Loftleiða-Icelandic gekk jafnframt betur en áætlað hafði verið. Á hinn bóginn gekk rekstur SmartLynx í Lettlandi verr en við gerðum ráð fyrir.

Í erfiðu umhverfi bæði á heimamarkaði og erlendis hefur unnist varnarsigur í rekstri flestra félaga innan samstæðunnar. Hagræðingaraðgerðir hafa skilað góðum árangri og eiga stóran þátt í að rekstur félaganna er heilt yfir ásættanlegur.

Icelandair Group hefur unnið náið með viðskiptabanka sínum að endurskipulagningu á fjármagnsskipan og hefur sú vinna gengið vel. Markmið vinnunnar er að aðlaga greiðslubyrði að því sjóðstreymi sem rekstur félagsins skilar til lengri tíma. Gert er ráð fyrir að vinnunni ljúki á næstu vikum og í lok apríl var gengið frá framlengingu á 2,5 milljarða króna fjármögnun til samræmis við áætluð verklok.

Enn erum við að horfa á mikla efnahagsóvissu á heimsvísu sem getur haft áhrif á eftirspurn í flugi og ferðaþjónustu. Óvissa um vaxtastig, gengi gjaldmiðla og aðgang að fjármagni gerir aðstæður enn erfiðari. Hins vegar er verkefnastaða í leiguflugi um þessar mundir góð og einnig bókunarstaða í áætlunarflugi fyrir sumarið. Það gefur okkur tilefni til hæfilegrar bjartsýni auk þess sem í öllum breytingum felast einhver tækifæri. Starfsfólk okkar hefur í gegnum tíðina verið óþreytandi við að leita uppi tækifæri og er Seattle flug Icelandair sem hefst í júlí dæmi um það. Með því erum við að tryggja stöðir leiðarkerfis Icelandair og um leið skapa atvinnu fyrir áhafnir og starfsfólk í afleiddum störfum.,,

Lykiltölur fyrsta ársfjórðungs 2009

ISK'000.000	Proforma *					
	Q1 09	%	Q1 08	%	Q1 08	%
Transport revenue	7.310	35%	6.773	48%	7.109	41%
Aircraft and aircrew lease	11.273	54%	5.187	37%	8.257	47%
Other	2.133	10%	2.050	15%	2.158	12%
Operating Income	20.716	100%	14.010	100%	17.524	100%
Salaries and related expenses	5.392	26%	5.005	36%	5.600	32%
Aircraft fuel	3.847	19%	2.622	19%	3.628	21%
Aircraft and aircrew lease	4.892	24%	2.551	18%	3.149	18%
Aircraft servicing, handling and comm.	2.568	12%	996	7%	1.730	10%
Aircraft maintenance	2.777	13%	1.112	8%	1.712	10%
Other	3.546	17%	2.581	18%	2.917	17%
EBITDA	-2.306	-11%	-857	-6%	-1.212	-7%
EBIT	-3.504	-17%	-1.663	-12%	-2.032	-12%
EBT	-4.055	-20%	-2.081	-15%	-2.379	-14%
Net Profit	-3.639	-18%	-1.678	-12%	-1.916	-11%
EBITDAR	2.388	12%	705	5%	1.528	9%

*Travel Service included in Q108

Rekstrarniðurstaða

EBITDA var neikvæð um 2,3 milljarða króna en var neikvæð um 0,9 milljarða króna á sama tíma í fyrra. EBIT var neikvæð um 3,5 milljarða króna en var neikvæð um 1,7 milljarða króna sama tímabili í fyrra. Tap fjórðungsins eftir skatta nam 3,6 milljörðum króna, en var 1,7 milljarðar króna á sama tímabili 2008. EBITDAR var 2,4 milljarðar króna samanborið við 0,7 milljarða króna 2008.

Rekstrarumhverfi fyrirtækja í flugrekstri og ferðaþjónustu var mun verra á fyrstu þremur mánuðum ársins 2009 en á sama tímabili 2008. Jafnframt þarf að hafa í huga við samanburð milli ára að Travel Service kom inn í samstæðuna 1. apríl 2008. Þá varð verulegt tap af rekstri SmartLynx á fjórðungnum og mun meira en það var á árinu 2008. Í eftirfarandi töflu er samanburður á rekstri íslenskra félaga Icelandair Group, þ.e. án SmartLynx og Travel Service.

Lykiltölur fyrsta ársfjórðungs 2009 án SmartLynx og Travel Service

ISK'000.000	Q1 09		Q1 08	
	14.072		12.621	
EBITDA	58	0%	-808	-6%
EBIT	-1.085	-8%	-1.578	-13%

Eins og sjá má er um talsverðan rekstrarbata að ræða hjá þessum einingum sem er árangur þegar tekið er tillit til rekstrarumhverfis.

Rekstrareiningar – fyrsti ársfjórðungur samanburður

	Scheduled Airline and Tourism			Capacity Solutions		
	Q1 09	Q1 08	Diff	Q1 09	Q1 08	Diff
Segment revenue	13.999	13.026	7%	11.826	4.681	153%
Segment cost	-14.249	-14.016	2%	-13.676	-4.386	212%
EBITDA	-250	-990	-75%	-1.850	295	N/A
EBIT	-1.180	-1.596	-26%	-2.109	164	N/A
Net finance cost	215	92	134%	-69	-50	38%
Share of profit(loss) of associates	0	0	N/A	18	-51	N/A
EBT	-965	-1.504	-36%	-2.160	63	N/A
Income tax	144	266	-46%	129	-31	N/A
Net Profit/Loss	-821	-1.238	-34%	-2.031	32	N/A
EBITDAR	1.410	-35	-4129%	1.181	902	31%

Rekstrareiningar fyrsti ársfjórðungur 2009

	Q1 2009				
	Scheduled airline	Capacity solutions	Shared Services	Elimi- nations	Con- solidated
Segment revenue	13.999	11.826	178	-5.287	20.716
Segment cost	-14.249	-13.676	-384	5.287	-23.022
EBITDA	-250	-1.850	-206		-2.306
EBIT	-1.180	-2.109	-215		-3.504
Net finance cost	215	-69	-715		-569
Share of profit of associates	0	18	0		18
EBT	-965	-2.160	-930		-4.055
Income tax	144	129	143		416
Net Loss	-821	-2.031	-787		-3.639

Rekstur á fyrsta ársfjórðungi 2009

Heildartekjur voru 20,7 milljarðar króna miðað við 14,0 milljarða króna á sama tímabili í fyrra sem er 48% aukning á milli ára. Stærstan hluta aukningarinnar má rekja til innkomu Travel Service sem og til veikingar íslensku krónunnar.

Í Áætlunarflugi og Ferðapjónustu, þar sem félögin Icelandair, IGS, Icelandair Hotels, Iceland Travel, Flugfélag Íslands og Icelandair Cargo falla undir, voru tekjur 14,0 milljarðar króna 2009 en 13,0 milljarðar króna á sama tíma 2008, sem nemur 7% aukningu á milli ára. Kostnaður var 14,2 milljarðar króna en 14,0 milljarðar króna á sama tíma 2008, sem nemur 2% aukningu á milli ára. EBITDA var neikvæð um 0,25 milljarða króna en var neikvæð um 1 milljarð króna á sama tíma í fyrra. Tap rekstrarsviðsins eftir skatta var 0,8 milljarðar króna, samanborið við tap uppá 1,2 milljarða króna sama tíma í fyrra. Afkoma Icelandair Cargo var mun verri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir, en góður árangur Icelandair vegur það upp og gott betur. EBITDAR var 1,4 milljarðar króna en var neikvæð um 35 milljónir króna á sama tímabili í fyrra.

Á sviði Leiguflugs og Flugvélaútskipta, þar sem félögin Travel Service, Loftleiðir Icelandic, Smartlynx, Icelease og Bluebird Cargo falla undir, voru tekjur 11,8 milljarðar króna en 4,7 milljarðar króna á sama tíma 2008. Kostnaður var 13,7 milljarðar króna en 4,4 milljarðar króna á sama tíma 2008. EBITDA var neikvæð um 1,9 milljarða króna en var 0,3 milljarðar króna á sama tíma í fyrra. Tap rekstrarsviðsins eftir skatta var 2,0 milljarðar króna samanborið við 32 milljón króna hagnað á sama tíma í fyrra. Veltuaukninguna má rekja til innkomu Travel Service, sem og gengisþróun íslensku

krónunnar. Rekstur SmartLynx var erfiður á fyrsta ársfjórðungi, en afkoma rekstrarsviðsins er þrátt fyrir það í takt við áætlanir. Þetta má rekja til þess að bæði Loftleiðir-Icelandic og Travel Service skiluðu umtalsvert betri afkomu en gert hafði verið ráð fyrir.

EBITDAR var 1,2 milljarðar króna en var 0,9 milljarðar króna á sama tíma í fyrra.

Flutningatekjur jukust um 0,5 milljarða króna milli fyrsta ársfjórðungs 2008 og 2009 eða um 8%. Tekjur vegna farþegaflutninga aukast um 7,8% eða 0,4 milljarða króna á milli ára meðan tekjur vegna vöru og pósthlutninga hækka um 8,3 % eða 0,1 milljarð króna. Hjá Icelandair lækkuðu farþegatekjur um 21,9% á milli fyrsta ársfjórðungs 2008 og 2009 og farþegum fækkaði um 27,8%, voru 189 þúsund á fyrsta ársfjórðungi 2009. Sætanyting lækkaði úr 72% í 69% eða um 3 prósentustig en einingatekjur á föstu gengi hækkuðu um 6% sem skýrist af betri samsetningu á „til/frá/um“ farþegamörkuðum.

Tekjur af leiguflugsútskiptum jukust um 6,1 milljarð í samanburði við fyrsta ársfjórðungs 2008.

Aðrar tekjur jukust um 1 milljarð króna frá fyrsta ársfjórðungi 2008 eða um 4%.

Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður jókst um 0,4 milljarða króna eða 8% í samanburði við fyrsta ársfjórðung 2008, en um 10% raunlækkun er að ræða m.v fyrra ár því 0,9 milljarða króna má rekja til innkomu Travel Service. Meðal stöðugildi á fyrsta ársfjórðungi 2009 voru 2618 en voru 2958 á sama tíma í fyrra með Travel Service. Þetta samsvarar fækkun um 11% .

Eldsneytiskostnaður eykst um 1,2 milljarða króna sem er 47 % hækkun frá sama tíma í fyrra. Sé tekið tillit til eldsneytiskostnaðar Travel Service á fyrsta ársfjórðungi 2008 er aukningin 6%. Meðalverð á fyrsta ársfjórðungi 2009 var USD 455 á tonn en var USD 947 á tonn á sama tíma í fyrra, þetta er lækkun um 52% á milli tímabila.

Flugvéla og áhafnaleiga eykst um 2,3 milljarða króna á milli ára eða um 92%. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir Travel Service er hækkunin á milli tímabila 55%

Afgreiðslu-, lendingar- og yfirflugsgjöld aukast um 1,6 milljarða á milli ára eða um 158%. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir Travel Service er hækkunin 48%.

Viðhaldskostnaður eykst um tæplega 1,7 milljarða króna á milli ára eða 150% og má rekja stærstan hluta þess til Travel Service eða 1,5 milljarða. Ef leiðrétt er fyrir Travel Service er hækkunin um 62%.

Fjármagnsliðir

ISK'000.000	Q1 09	Q1 08	Diff.
Interest income	35	88	-53
Interest expenses	-1.058	-861	-197
Currency effect	376	406	-30
Gain from sale of derivatives	78	0	78
Net finance cost	-569	-367	-202

Nettó fjármagnsgjöld voru neikvæð um 0,6 milljarða króna en voru neikvæð um 0,4 milljarða króna á sama tíma í fyrra.

Fjármagnstekjur voru 0,1 milljarður króna eins og á sama tíma í fyrra.

Fjármagnskostnaður jókst um 0,2 milljarða króna á milli fyrsta ársfjórðungs 2008 og 2009.

Gengismunur var um 0,4 milljarðar króna eins og á sama tíma í fyrra.

Efnahagsreikningur

ISK'000.000	31/03/09	31/12/08	Diff.
Operating Assets	36.571	36.798	-227
Intangible assets	29.217	29.306	-89
Investment in associates	1.009	1.008	1
Aircraft purchase prepayments	4.365	4.226	139
Long-term receivables	6.243	6.054	189
Cash and cash equivalents	2.824	4.065	-1.241
Other assets	17.874	17.373	501
Total assets	98.103	98.830	-727
Stockholders equity	16.921	20.080	-3.159
Total non-current liabilities	23.907	25.112	-1.205
Total current liabilities	57.275	53.638	3.637
Total equity and liabilities	98.103	98.830	-727

Ekki hafa orðið verulegar breytingar á efnahagsreikningi félagsins frá áramótum ef frá er talið lækkun á eigin fé vegna taprekstrar.

Eignir voru 98,1 milljarður króna í lok mars 2009 samanborið við 98,8 milljarða í lok árs 2008.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum á tímabilinu námu 1,1 milljarði króna, þar sem fjárfestingar í hreyflatímum og flugvéla varahlutum vega þyngst.

Vaxtaberandi skuldir námu 44,5 milljörðum króna og hafa hækkað um 0,9 milljarða króna frá áramótum.

Sjóðsstreymi

ISK'000.000		
	Q1 09	Q1 08
Working capital (to) from operations	-2.715	156
Net cash (to) from operating activities	-634	3.081
Net cash (used in) from investing activities	-933	196
Net cash from (used in) financing activities	472	-2.293
Decrease in cash and cash equivalents	-1.095	984
Effect of exchange rate fluctuations on cash held	-146	284
Cash and cash equivalents at 1 January	4.065	2.006
Cash and cash equivalents at 31 March	2.824	3.274

Veltufé til rekstrar var 2,7 milljarðar króna á fyrstu 3 mánuðum ársins samanborið við 0,2 milljarða króna frá rekstri á sama tímabili í fyrra.

Handbært fé til rekstrar á fyrstu 3 mánuðum ársins var 0,6 milljarðar króna en var 3,1 milljarður króna frá rekstri á fyrstu 3 mánuðum ársins 2008.

Handbært fé í lok tímabilsins er 2,8 milljarðar króna en var 3,3 milljarðar króna á sama tíma í fyrra.

Samanburður ársfjórðungar–Lykiltölur

ISK'000.000					
	Q1 08	Q2 08	Q3 08	Q4 08	Q1 09
Transport revenue	6.773	12.208	17.409	9.523	7.310
Charter revenue	5.187	12.898	19.441	15.529	11.273
Other	2.050	3.848	4.615	3.258	2.133
Operating Income	14.010	28.954	41.465	28.310	20.716
Salaries and related expenses	5.005	6.229	6.455	6.416	5.392
Aircraft fuel	2.622	6.538	9.977	6.750	3.847
Aircraft and aircrew lease	2.551	3.684	3.788	5.322	4.892
Aircraft servicing, handling and navigation	996	3.752	6.405	4.362	2.568
Aircraft maintenance	1.112	2.707	3.528	3.967	2.777
Other	2.581	4.189	5.129	3.826	3.546
EBITDA	-857	1.855	6.183	-2.333	-2.306
EBIT	-1.663	901	5.108	-10.035	-3.504
EBT	-2.081	655	5.104	-10.503	-4.055
Net Profit	-1.678	395	4.385	-10.570	-3.639
EBITDAR	705	5.279	8.805	2.377	2.388

Horfur í rekstri Icelandair Group

Verkefnastaða í leiguflugi það sem eftir lifir árs er ágæt. Bókunarstaða í áætlunarflugi fyrir sumarið er góð en óvissa ríkir varðandi eftirspurn í haust. Hagræðingaraðgerðir sem gripið hefur verið til eru að skila bættum rekstri. Áætlanir félagsins gera ráð fyrir bata í EBITDA hlutfalli milli áranna 2008 og 2009, og að EBITDA ársins 2009 verði um 6 milljarðar króna.

Endurskoðun

Samstæðureikningur Icelandair Group vegna fyrsta ársfjórðungs 2009 var samþykktur á stjórnarfundum þann 8. maí 2009. Árshlutareikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins.

Kynningarfundur 11.maí

Opinn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn mánudaginn 11.maí 2009 á **Hilton Reykjavík Nordica**. Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group mun kynna afkomu félagsins og svara spurningum ásamt stjórnendum félagsins. **Kynningin hefst kl. 8:30.**

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Icelandair Group: www.icelandairgroup.is og í fréttakerfi Kauphallar Íslands/Nasdaq OMX.

Fjárhagsdagatal 2009

Annar ársfjórðungur 2009	Vika 32 2009
Þriðji ársfjórðungur 2009	Vika 45 2009
Ársuppgjör 2009	Vika 7 2010

Frekari upplýsingar veita:

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group	sími: 896-1455
Bogi Nils Bogason, framkvæmdastjóri fjármála Icelandair Group	sími: 665-8801